

Fundur 25.3.2024 Núgave frá Kenía fyrir 2 milljónum ára.

Góða kvöldið.

*Já góða kvöldið.*

Eru það forréttindi að tala við hóp á gamla Íslandi og jörðinni sem ég var á fyrir löngu og er það sjaldan sem okkur tekst að ná slíku sambandi.

Eru þær miklar breytingarnar sem orðið hafa frá þeim tíma og langar mig til að skipta því niður í nokkra þætti og eru þið svo langt í burtu og þróunarbrautirnar ólíkar og mikilvægt að vernda frumlífs jarðirnar frá þeirra örlögum.

Og hef ég heyrt um það margsinis að jörð ykkar gangi nú í gegnum umbreytingu mikillar orku og hærri orkutíðni og finn ég það einnig og viljum við gjarnan að hin íslenska þjóð verði í fararbroddi við að hjálpa fólki að ná fullri heilsu þrátt fyrir þær breytingar sem verða og nauðsynlegt að stilla líkami og huga við hjálpndur þá sem eru til staðar og reyna að ná sambandi og halda ykkur á réttri braut og hafa sem flesta með í orkusambandinu og láta það ekki niður falla heldur að auka orku og kærleika meðal sem flestra jarðarbúa.

Og get ég miðlað af reynslu minni frá frumlífs tilveru minni og framlífs jörðum þeim sem ég hef verið á og get ég ekki komið tölu á öll þau líf að sinni, en fjölmargar voru þær framlífs jarðirnar þar sem við vissum ekki af því að við höfðum anda sem gæti tekið við visku og ákvarðandi mætti um tegund okkar og annarra og lífðum við í sátt og samlyndi við náttúruna og breyttumst ekki mikið þótt á framlífs braut værum.

Og var mér svo sagt síðar að við hefðum verið vernduð fyrir óæskilegum áhrifum og kom það fyrir á frekar skömmum tíma að þjóð mín breyttist úr landbúnaðar samfélagi í iðnvætt samfélag á framlífs hnetti og tókum við á móti frelsara sem þá var kallaður og útsendur af þeim sem þið kallið Jahve og urðu þá breytingar á samfélagi okkar.

En ekki mun ég fara út í það að sinni í smáatriðum, það var sem það gæti tekið tíma og erfiðari voru útgöngu leiðirnar og björgunar leiðirnar út úr því völundarhúsi, heldur en inngangan og gerðist það allt á meðan forsaga mannkynsins á ykkar jörð var með öðrum hætti og þróunar mýnstrið.

Á þeim tíma voru litbrigði fólksins okkar margvísleg og eru enn og fylgja sum þeirra hefðum þeim sem enn eru í fósturlandi okkar Afríku og fylgja enn þeim litbrigðum en önnur eru líkari því sem tíðkast á ykkar landi.

Og voru það ýmsir flokkar manna sem höfðu það útlit en náðu ekki yfirhöndinni í þeirri heimsálfu, en hefur það verið með öðrum hætti í framlífi á hinum ýmsu stöðum á þeim tíma sem liðin er.

En Guðir okkar fornir hafa gert mikið gagn og höfum við komið til þeirra aftur og tignað þá og vil ég þakka þjóð ykkar fyrir mikinn kærleika og margir einstaklingar sem komnir eru á hátt þroska stig og vonum við því að við getum hjálpað ykkur eins og margir Íslendingar hafa hjálpað okkar þjóð.

En margt er það þó í hjátrúnni okkar gömlu og þjóðtrúnni heiðnu sem við höfum þurft að breyta og snýr það að þáttum sem ekki eru vísindalegir heldur studdir af ótta og vanþekkingu en við höfum haft langan tíma til að grisja það úr og setja annað í staðinn sem hefur reynst betur.

Höfum við haft langt samneyti við Jahve einnig og eru hér margir flokkar sem vilja halda tryggð við hann, en hefur það ekki reynst vel til lengdar og kem ég kannski inn á það síðar.

Get ég kannski svarað einhverjum spurningum hér á eftir ef það eru einhverjir sem spyrja ?

*Getur þú sagt okkur hvað þú heitir ?*

Núgave.

*Og hveðrar þjóðar ?*

Kenía.

*Kenía ?*

Já.

*Og hvenær varst þú uppi ?*

Ég tilheyrði upphaflega lítt þroskuðum ættbálki fyrir 2 milljónum ára, en hefur mikið þróast síðan þá og er varla sama manneskjan.

*Það er engin smá saga.*

Já en hinn andlegi þroski er það sem skiptir máli og kærleikurinn og ábyrgðin sem hvílir á okkur að halda keðjunni óslitinni og halda áfram að miðla til annarra því sem við höfum fengið og notið góðs af.

Og já þakka ég fyrir.

*Eina stutta spurningu enn.*

Já.

*Hérna já ert þú af homo sapiens ?*

Jaá já við höfum þróast alveg í þá átt og fengið ögn betra útlit ef svo má segja og nær ykkur að kalla má að einhverju leiti, en það er rétt að ekki hafa allir þróast í alveg sömu áttina.

En já það er rétt.

Og þar kemur inn í þessi skyldleiki sem ég minntist á og ábyrgðin, skylduræknin og vil ég nú kveðja ykkur að sinni og vona að ég komist síðar, verið þið sæl.

*Þakka þér kærlega fyrir komuna og vertu blessuð og sæl.*